

Færsla á hluta Bolungarvíkurlínu 1, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 1. desember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti hf. um færslu á hluta Bolungarvíkurlínu 1, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Færsla á hluta Bolungarvíkurlínu 1, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ, Matsskyldufyrirspurn. Landsnet – VSÓ Ráðgjöf. Nóvember 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Bolungarvíkurkaupstað 22. desember 2021, Ísafjarðarbæ 22. desember 2021, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 2. desember 2021, Minjastofnun Íslands 14. desember 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 3. janúar 2022 og Veðurstofu Íslands 9. desember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 10. janúar 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér endurbyggingu á 66 kV loftlínu, Bolungarvíkurlínu 1 á 2.250 m kafla um Svarthamrahvilft. Línan kemur til með að liggja vestur undir hamrabelti yfir á smáhæð í landinu í sunnanverðri Svarthamrahvilft þaðan sem línan verður lögð í einu löngu hafi (585 m) upp á brún ofan við hvilftina. Þessi leið styttr verulega þann kafla línunnar sem liggur í mikilli hæð, auk þess sem mastrastæðum mun fækka úr 24 í 12 á þessum kafla. Þar hefur mest áhrif langt haf úr Svarthamrahvilft upp á brún og lengri haflengdir úr núverandi línu yfir í hornmastur í hvilftinni. Mesta hliðrun frá núverandi línustæði er um 400 m og fer jafnt minnkandi til beggja átta. Endurbyggja þarf stæður þar sem farið er út úr línunni og komið aftur inn í hana og setja hornmöstur. Áætlað framkvæmdaraðili að heildarrask verði á bilinu 240-480 m².

Vegna uppsetningu og niðurrifs á stæðum innan vatnsverndarsvæðis verður gripið til sérstaks verklags og mótvægisáðgerða í þeim tilgangi að lágmarka eða koma í veg fyrir mengun ef óhöpp af völdum olíu eiga sér stað.

Slóðagerð


Af Botnsheiði liggur vegslóði meðfram línunni inn í Svarthamrahvilft og liggur síðan upp úr henni upp á flatann ofan við hvilftina inn að línuleiðinni um Hestakleif. Þessi slóð liggur í hlykkjum niður af Hestakleif meðfram línunni yfir í Syðridal og þarf að grjóthreinsa hana og lagfæra lítillaga þannig



að slóðin sé fær þeim tækjum sem þarf að nota við byggingu línunnar. Leggja þarf aðkomuslóða að einni stæðu sem stendur stök í Svarthamrahviltf.

Frágangur

Framkvæmdin felur í sér niðurrif á eldri stæðum línunnar. Gert er ráð fyrir að stæðurnar verði felldar með því að grafa frá staurum með beltagröfu og þeir teknir upp úr jörðu og gengið frá svæðinu að því loknu. Vandað verður til frágangs, fyllt verður uppi í holur og land sléttað á melum og ógrónu landi. Ef rask verður á gróðurþekju verður svarflag haldið til hliðar og lagt yfir í sár að loknum framkvæmdum.



Mynd 1. Færsla Bolungavíkurlínu 1. Blá lína er núverandi lína og rauð lína er tillaga að færslu. (Úr greinargerð Landsnets).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets hf. og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifasvæði framkvæmdarinnar einkennist af klettum og gróðurlitlum skriðum og melum en gróðurþekja yfirborðs eykst eftir því neðar er farið í hlíðina. Ekki eru jarðmyndanir sem þykja sérstæðar eða njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Tilfærsla á línunni eru talin minniháttar og ekki talin breyta á afgerandi hátt landslagi eða hvaðan línan kemur til með að sjást en stæðum verður fækkað um 12. Bolungavíkurlína 1 er að hluta til innan grannsvæðis vatnsverndar í Ísafjarðarbæ og að hluta til innan svæðis á náttúruminjasrá, en verndargildi svæðisins fellst í fjölbreyttu landslagi, giljum, ám og fossum, sérstæðu gróðurfari og vöxtulegum birkiskóg. Á svæðinu er hægt að finna surtarbrand og aðrar steingerðar plöntuleifar sem eru meðal elstu minja um gróðurfur héraendis. Búast má við raski á grasvíðiskriðuvist og urðarskriðuvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Framkvæmdin er ekki talin breyta núverandi einkennum landslags eða ásýnd þess og ekki talin rýra verndargildi dalsins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji að ásýndaráhrif verða talsverð séð frá Botnsdal þar sem línan muni liggja niður bratta hlíð og ofan í jökulsorfna skál. Þó stæðum verði fækkað niður í tólf verða ný stæði flest staðsett á áður óröskuðu svæði, auk línuslóða sem eru nauðsynlegir til að koma möstrum fyrir á sinn stað. Í Botnsdal finnast surtarbrandslög og steingerðar plöntuleifar í setlögum í um 200 m hæð ofan við Botn. Ekki er með fullu ljóst hvort fyrirhuguð framkvæmd muni raska slíkum jarðmyndunum en þó verður að teljast frekar ólíklegt þar sem gróðurminjarnar eru staðsettar í töluvert minni hæð.



Náttúrufræðistofnun bendir einnig á að afhendingaröryggi rafmagns í Bolungarvík hefur batnað mikið eftir að jarðstrengur var lagður um nýju Bolungarvíkurgöngin. Stofnunin telur að rökstyðja hefði mátt betur nauðsyn þess að viðhalda línu yfir Gilsbrekkuheiði eða hvort valkostur gæti verið að leggja línuna í jarðstreng um Vestfjarðargöngin yfir til Ísafjarðar og þaðan til Bolungarvíkur.

Í svörum Landsnets kemur fram að Bolungarvíkurlína 1 sé mikilvægur hlekkur í hringtengingu flutningskerfisins á norðanverðum Vestfjörðum. 30 km langur jarðstrengur um Vestfjarðagöng til Ísafjarðar og þaðan til Bolungarvíkur er of langur strengur fyrir núverandi kerfi og myndi leiða til verulegra rekstrarvandæða í kerfinu.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að fornleifar hafi ekki verið skráðar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar. Minjastofnun er sammála framkvæmdaraðila að litlar líkur eru á að fornleifar finnist innan framkvæmdarsvæðisins. Stofnunin fellst á að svæðið verði tekið út af fornleifafræðingi áður en framkvæmdir hefjast. Gera þarf stofnuninni grein fyrir niðurstöðum athugunarinnar sem mun þá ákveða hvort og til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið vegna framkvæmdarinnar.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Bolungarvíkurkaupstaðar 2008-2020 og Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Skipulagsstofnun bendir á að uppfæra þarf skipulagsuppdrátt í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar í samræmi við færslu Bolungarvíkurlínu 1.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfum Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

6 Niðurstaða

Um er að ræða tilfærslu á hluta Bolungarvíkurlínu 1 og niðurrif eldri línu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengun sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti sérstæðra jarðmyndana eða landslagsheilda sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda með tilliti til umfangs og hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umfang framkvæmdarinnar er lítið, en viðbúið að nokkuð rask verði vegna tilfærslu línunnar inn á að mestu óraskað svæði, auk þess sem tilfærsla línunnar niður í Svarthamrahvilft mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins frá takmörkuðu sjónarhorni úr Botnsdal. Nýjar staurastæður munu standa í grennd við núverandi slóða og því mögulegt að takmarka rask af uppsetningu þeirra. Skipulagsstofnun telur ef staðið verður að framkvæmdum á þann hátt sem Landsnet fyrirhugar sem og að vandað verði til frágangs verða neikvæð áhrif tímabundin vegna rasks á framkvæmdatíma við tilfærsluna og niðurrif loftlínunnar ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar tilfærslu kunni fyrst og fremst að felast í ásýndarbreytingum séð frá tilteknu sjónarhorni þar sem reist verða mannvirki á svæði sem er að mestu óraskað. Skipulagsstofnun telur að ástæða sé til að ætla að



boðaðar mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila muni draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif tilfærslunnar á vatnsverndarsvæði Ísafjarðarbæjar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. mars 2022.

Reykjavík, 2. febrúar 2022.

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson